

# Breyting á aðalskipulagi. Malbikunarstöð á Glerárdal, þéttbýlismörk.

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt þannig að iðnaðarsvæði malbikunarstöðvar Akureyrarbæjar á Glerárdal verði skilgreint á skipulags-uppdrætti auk þess sem þéttbýlismörkum verði breytt við svæði 1.42.10 I norðan Glerár til samræmis við breytingu á aðalskipulagi sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar 4. sept. 2007 og staðfest af umhverfisráðherra 8. okt. 2007.

Skipulagsbreytingin felur ekki í sér framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) og fellur því ekki undir ákvæði laga um umhverfismat áætlaða (105/2006).

Breytingin felur í sér minni háttar breytingu á náttúruverndarsvæði 1.61.5 N, sem er á náttúruinjasrá. Afmörkun samkvæmt náttúruinjasrá er mjög gróf og var hún því útfærð nánar og þrengra í aðalskipulagi.

## Forsendur

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar var reist á Glerárdal 1965 og hefur verið starfrækt þar síðan. Stöðinni var komið fyrir utan byggðar og ofan þáverandi sorphauga bæjarins til þess að komast hjá óþægindum af starfseminni í byggð. Stöðin var þar á svæði, sem í aðalskipulagi er skilgreint sem óbyggt svæði. Fullkominn hreinsibúnaður var settur upp 1998 og er stöðin nú rekin samkvæmt starfsleyfi sem gildir til 2015. Staðsetning er talin heppileg enn í dag þar sem hvinur frá tækjabúnaði heyrir ekki í byggð auk þess sem rykmengunar gætur ekki í byggð. Einhver rykmengun er óhjákvæmileg en hún skal vera undir settum viðmiðunarmörkum.

Athafnasvæði malbikunarstöðvarinnar nær nú fram á gilbrún Glerárgils, sem þó er óskert. Ný afmörkun lóðar og iðnaðarsvæðis miðast hins vegar við að lóðamörk verði um 100 m frá bökkum Glerár.

Aðkoma að svæðinu er frá Súluvegi. Súluvegur er sáfnagata og hluti af innra gatnakerfi bæjarins, sem ekki er skilgreint sérstaklega í aðalskipulagi eins og stofnbrautir og tengibrautir. Súluvegur er sýndur sem hluti grunnkorts skipulagsins.

## Breytingar á greinargerð

Eftirtalдар breytingar verða á ákvæðum um landnotkunarreiði (önnur ákvæði óbreytt).

| Kafl                                 | Svæði    | Gildandi skipulag | Breytt skipulag                                                                                                                                                        |
|--------------------------------------|----------|-------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 4.7 Iðnaðarsvæði<br>Ný lína í töflu: | 3.11.3 I |                   | <b>Stærð:</b> 2,6<br><b>Svæði:</b> Malbikunarstöð Akureyrarbæjar.<br><b>Lýsing:</b> Fullbyggt.<br><b>Skipulagsákvæði:</b> Uppbygging og frágangur skv. deiliskipulagi. |
| 4.18.2 Svæði á Náttúruinjasrá        | 1.61.5 N | <b>Stærð:</b> 104 | <b>Stærð:</b> 103                                                                                                                                                      |

## SKÝRINGAR


### LANDNOTKUN

- Mörk skipulagssvæðis
- Þéttbýlismörk
- Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði, flugvallarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- F Svæði fyrir fristundabyggð
- Óbyggt svæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- R Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði, fólkvangur
- Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruinjasrá
- Strandsvæði í flokki B
- Efnistökusvæði
- Landfylling
- Ný strandlína, útgrafið
- Formminjar
- Blönduð landnotkun
- Stofnanasvæði með útivistargildi


Grunnkort:  
Umhverfiseið Akureyrar  
Myndmældur hæðarlínugrunnur

### ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Aðalstígar
- Útivistarstígar
- Reiðleiðir
- Flutningslínur rafveitukerfis Loftlínur
- Svæði fyrir háspennulínur, línuþétti ekki tilgreindur
- Flutningslínur rafveitukerfis Jarðstrengir
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu
- Ljósleiðari
- Dælustöðvar fráveitu og fráveitumannvirki



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

## Breyting á skipulagsuppdrætti

**Iðnaðarsvæði 3.11.3 I:** Afmarkað er iðnaðarsvæði utan um núverandi athafnasvæði malbikunarstöðvar.

**Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruinjasrá 1.61.5 N:** Afmörkun svæðis breytt lítillega til samræmis við 3.11.3 I. Mörk svæðisins við nýtt iðnaðarsvæði verða í um 100 m fjarlægð frá bökkum Glerár. Flatarmál svæðisins minnkar um 1 ha og verður 103 ha.

**Þéttbýlismörk:** Þéttbýlismörk eru færð til samræmis við áður gerða aðalskipulagsbreytingu vegna iðnaðarsvæðis 1.42.10 I norðan Glerár. Við þá breytingu láðist að samræma þéttbýlismörk og mörk nýrrar lóðar á jarði þéttbýlisins.

## Áhrifamat

Breytingin er gerð til samræmis við núverandi stöðu og væntanlegt deiliskipulag. Breytingin hefur í sjálfu sér engin áhrif á landnotkun og nýtingu. Staðsetning malbikunarstöðvarinnar er talin ákjósanleg og ekki eru taldir betri kostir innan bæjarmarka.

Breyting á afmörkun náttúruverndarsvæðis í Glerárgili hefur engin bein áhrif á þá umhverfis-þætti, sem verndaðir eru með ákvæðum um náttúruverndarsvæði. Náttúruverndarsvæði er afmarkað rúmt í aðalskipulagi án nákvæmrar greiningar á staðháttum. Breytingin felur í sér að mörk þess verða að hluta nær gilbarmi en nú er en hins vegar er gert ráð fyrir að mörk iðnaðarsvæðisins verði 35-50 m fjær gilinu en núverandi jaðar athafnasvæðis malbikunarstöðvarinnar. Sú breyting gefur kost á frágangi við gilbarminn, sem mun hafa jákvæð áhrif á umhverfið.

Breytingin hefur hvorki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir né landsáætlanir. Breytingin hefur engin neikvæð áhrif á umhverfið umfram það sem þegar er orðið enda hefur malbikunarstöðin verið rekin á svæðinu frá 1965. Enginn munur er á umhverfisáhrifum „núllkosta“ og breytinga.

Breytingin stangast ekki á við umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda.

Ekki er talin ástæða til þess að viðhafa sérstakar mótvægisáðgerðir eða vöktun vegna framkvæmda og rekstrar umfram það sem tilgreint er í starfsleyfi.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 18. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. þann \_\_\_\_\_

## AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018 ÞÉTTBÝLISUPPDRAÐTTUR



Skipulagsdeild Akureyrarbæjar

BREYTING  
Malbikunarstöð á Glerárdal, þéttbýlismörk

Mælikvarði 1:10.000

Dags. 19. febrúar 2009



Skulpaendurverndarverð  
Gylfi Guðjónsson  
OG FELLAÐAR ehf.  
arkitektar fal